

Kristín Einarsdóttir

KOSNINGAR FRAMUNDAN

Kæru kvennalistakonur!

Mér var falið af landsfundarnefnd að innleiða umræðurnar um komandi kosningar.

Eins og ykkur er væntanlega öllum kunnugt hafa orðið breytingar á kosningalögnum og verður kosið samkvæmt þeim í næstu kosningum. Það er því ekki úr veki að glugga örlítið í þau og reyna að gera sér grein fyrir hvaða áhrif breytingarnar munu hafa.

**1. Skipting pingsæta eftir kjördæmum:**

Fyrir hverjar kosningar liggar fyrir hve margir pingmenn verða fyrir hvert kjördæmi. Þ.e.a.s. 54 sæti skiptast alltaf eins milli kjördæma en 8 pingsætum er ráðstafað fyrir hverjar kosningar eftir fjölda kjósenda í hverju kjördæmi. Þetta gerir samtals 62 pingsæti en einu er ráðstafað eftir kosningar. Samkvæmt þessu verði 18 pingsæti fyrir Reykjavík 11 fyrir Reykjanes 7 f N.E. 6 f. Suðurland og 5 fyrir hvert hinna kjördæmanna.

**2. Úthlutun pingsæta:**

I. Í fyrstu umferð er úthlutað u.p.b. 2/3 hlutum pingsæta í hverju kjördæmi, t.d. er þannig úthlutað 14 pingsætum í Rvk og 9 í Rn. eða samtals 50 pingsætum á landinu öllu. Við þessa úthlutun koma aðeins þau framboð til greina sem fá 7% atkvæða og 0,8 í pingsætahlut í kjördæminu. Pingsætahlutur er margfeldi af fjölda pingsæta hvers kjördæmis og atkvæðahlutfalli listans. Í síðustu kosningum vorum við með 8,4% í Rvk og því 1,5 í hlut, í Rn 7,2% en bara 0,793 í pingsætahlut og því hefðum við ekki komið til greina þar við þessa fyrstu úthlutun ef þessi kosningalög hefðu gilt síðast. Í Norðurlandi eystra þarf t.d. að hafa 11,4% atkvæða til að koma til greina við fyrstu úthlutun, í 6 pingmanna kjördæmum 13,3% og í 5 manna kjördæmum þarf 16% atkvæða til að koma til greina. Í síðustu kosningum hefðum við fengið eina konu inn í Reykjavík í þessari úthlutun.

Þið heyrið að það er ekki auðvelt að koma konu að í þessari fyrstu umferð. En ekki ör vænta alveg strax!

II. Nú koma til úthlutunar s.k. jöfnunarþingsæti 51-63. Þar koma aðeins til greina þau framboð sem hafa fengið 5% eða fleiri atkvæði á landinu öllu. Takið eftir þessu! Nú eru öll atkvæði framboðsins lögð saman og reiknað út hve mörg þingsæti það á rétt á samkvæmt því og dregin frá þau þingsæti sem framboðið hefur þegar fengið á landinu. (Þetta er gert með því að fá ákv. útkomutölur sem eru fengnar þannig að deilt er með 1,2,3,4 o.s.frv. í heildaratkvæðatölu framboðsins á landinu öllu. Felldar eru niður útkomutölur jafnmargar og þingsæti sem framboðið hefur þegar fengið.) Samkvæmt þessari reglu hefðum við átt rétt á að fá 2 þingsæti til viðbótar því sem við vorum búnar að fá í fyrstu umferð. Þar með er búið að finna út hve mörg þingsæti við fáum, en ekki er ljóst strax úr hvaða kjördæmi konurnar koma. Athugið að hér koma til álita öll framboð sem hafa fengið 5% atkvæða á landinu öllu og skiptir engu máli hvort framboðið hefur þegar fengið þingsæti úthlutað eða ekki (breyting frá fyrri lögum).

Úthlutun jöfnunarþingsæta fer fram í fjórum áföngum:

a) Fyrst er úthlutað til lista sem hafa a.m.k. 0,8 í þingsætahlut en ég minni á að Kvennalistinn í Rn væri með 0,793 í þingsætahlut með óbreytt fylgi og hefði því ekki fengið konu inn í þessum áfanga.

b) Eitt þingsæti til kjördæma sem ekki hafa fengið fulla þingsætatölu, tekin í röð frá fámennasta kjördæminu til þess fjölmennasta. Hér koma aðeins til greina þau framboð sem hafa 7% eða meira í kjördæmi. Þá er byrjað á Vestfjörðum og athugað hvaða framboð er með hæsta útkomutölum þar og fær það þingsæti í því kjördæmi. Síðan er farið í NV og sama gert þar og halddið áfram í öllum kjördæmum. Við hefðum fengið eina konu inn í Rn í þessari umferð.

c) Úthlutun til þeirra sem enn eiga eftir ráðstafað þingsæti skv. útkomutölu. Við hefðum fengið eina konu í Rvk. út á 0,5 þingsætahlut en til samanburðar voru konur í NE með 0,4 þingsætahluti.

d) Eitt þingsæti nr. 63 fer til lista skv. útkomutölu í kjördæmi þar sem hæstur þingsætahlutur er.

Samtals hefðum við því fengið 3 pingkonur ef kosið hefði verið eftir nýju lögunum síðast.

Ég vona að þið hafið áttað ykkur nokkurn veginn á því hvernig nýju kosningalögin eru. Ein af breytingunum er sú að nú skiptir heildaratkvæðamagn meira máli en áður. Hvert atkvæði á landinu nýtist til að koma konu að þótt ekki sé hún endilega úr því kjördæmi þar sem atkvæði er greitt. Ég tel því mikilvægt að konur úti um allt land hafi þetta einnig í huga þegar taka á ákvörðun um framboð. Auðvitað fáum við inn konur úr öllum kjördæmum en munum að hvert atkvæði er mikilvægt og alls ekki greitt út í loftið.

MÁLEFNAVINNA

*Kristin Einarð.*

Ekki er nóg að hugsa aðeins um það að bjóða fram. Málefnavinna þarf einnig að fara fram.

Á ráðstefnu Kvennalistans sem haldin var í Valsskálunum í júní var ákveðið að láta "gömlu" stefnuskrána standa óbreytta. Nauðsynlegt var þó talið að hefja vinnu við n.k. kosningastefnuskrá þar sem stefnan í einstökum málaflokkum er tíunduð nákvæmar en í gömlu stefnuskránni. Var því ákveðið að setja á laggirnar hópa til að hefja undirbúning að stefnuskrá fyrir næstu alþingiskosningar. Til að koma þessu starfi af stað voru tilnefndar ásamt mér Kristín Ástgeirs dóttir og Sigrún Jónsdóttir. Í lok júlí sendum við mjög bjartsýnar út bréf til allra anga þar sem við skoruðum á konur að hefja nú málefnavinnu í hinum ýmsu málaflokkum. Jafnframt því byrjaði Bergljót starfskona þingfloksins að setja í möppur ljósrit af ýmsu því sem sagt hefur verið (ef það er til prentað) og ritað af Kvennalistakonum um hina ýmsu málaflokka bæði á þingi og annars staðar. Þann 25. ágúst hringdum við í alla anga og könnuðum hvernig gengi. Varla var hægt að segja að árangurinn hafi verið góður. En svo fór að mjakast áfram. Konur af Vesturlandi byrjuðu á landbúnaðarmálunum og Reykjaneskonur eru komnar á góðan skrið með atvinnumál, skólamál og efnahagsmál. Við hér í Reykjavík höfum verið heldur slappar en þó eru konur búnar að taka að sér nokkra málaflokka til frekari útfærslu.

Vel getur verið að konur úr öðrum öngum séu að vinna af krafti í ýmsum málaflokkum án þess að ég viti það.

Þá er það spurningin um áframhald þessarar vinnu. Sú hugmynd hefur komið fram að ein kona verði tilnefnd úr hverjum anga, til að koma saman kosningastefnuskrá. Það yrði að miða við að margar konur í smáum og stórum hópum ynnu frumvinnuna en vinnuhópurinn kæmi saman öðru hvoru með plögg úr hverjum anga til að vinna kosningastefnuskrána. Þetta gæti þýtt nokkra vinnufundi. Æskilegt er að stefnuskráin verði tilbúin eigi síðar en helgina 17.-18. janúar. Þá væri haldinn KVENNALISTAFUNDUR þar sem stefnuskráin yrði lögð fram til endanlegrar

umfjöllunar og samþykktar. Á þeim fundi, sem gæti allt eins verið utan Reykjavíkur, gæti ef til vill verið hægt að birta einhverja framboðslista. Þessi fundur gæti ef til vill markað upphaf kosningabaráttunnar.